

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið,  
Baldur Sigmundsson, Kristín Sigfúsdóttir  
Skúlagötu 4  
101 REYKJAVÍK

Garðabær, 07. apríl 2015  
2015030005/42-9  
EÓ, TB  
jgo/tb

### Innflutningur á sníkjuvespum/ránvespum og þráðormum, umsögn

Vísað er til bréfs frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, dags. 3. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn um innflutning á ránvespum og þráðormum til lífrænna varna í gróðurhúsum. Um er að ræða ránvespur af tegundunum, *Ephedrus cerasicola*, *Aphidius matricariae* og *Praon volucre* til varna gegn blaðlúsum í gróðurhúsum og þráðormategundina *Steinernema kraussei* til varnar gegn ranabjöllum í berjarækt. Beðist er velvirðingar á því hve dregist hefur að svara erindinu.

**Nemasys L** (*Steinernema kraussei*) er þráðormur sem notaður er sem vörn gegn húskepp (*Otiiorhynchus sulcatus*). Vegna innflutnings á tegundinni vill Náttúrufræðistofnun koma með nokkrar spurningar og athugasemdir.

- Húskeppur finnst hér í gróðurhúsum en hjá Náttúrufræðistofnun liggja ekki fyrir neinar upplýsingar um raunverulega skaðsemi tegundarinnar. Ekki er ósennilegt að ættinginn hélukeppur (*Otiiorhynchus nodosus*) finnst einnig í gróðurhúsum og er jafnvel mögulegt að hann sé þar afkastameiri við að spilla gróðri heldur en húskeppur. Spurning er hvort þetta hefur verið kannað sérstaklega?
- Mikilvægt er að svar við framangreindri spurningu liggja fyrir. Samkvæmt aðgengilegum upplýsingum kemur fram að þráðormurinn leggist á og drepi lírfur húskepps. Ekki kemur fram og ekki finnast staðhæfingar um að hann leggist á aðrar tegundir, heldur ekki staðhæfingar um að hann geri það ekki. Ef þráðormurinn er einskorðaður við húskepp myndi hann ekki gagnast sem vörn gegn hélukepp, sem eins og bent er á að kann að vera meiri skaðvaldur. Þetta er hins vegar ókannað mál?
- Húskeppur lifir ekki utanhúss en það gera skyldar tegundir. Ef þráðormategundin sem um ræðir getur lagst á þær er nauðsynlegt að vita hvað hann getur lifað af við lágt hitastig. Þess er getið að hann sé virkur niður í 5°C sem merkir ekki endilega að hann lifi ekki af tímabundið við lægra hitastig. Við hvaða hitastig og aðstæður drepst viðkomandi þráðormategund?

Leita þarf svara við ofangreindum spurningum áður en hægt er að meta ágæti þess að flytja þráðorminn inn og hægt sé að mæla með innflutningi á tegundinni.

### Sníkjuvespan (ránvespan) *Aphidius matricariae*



Fjórar tegundir ættkvíslarinnar *Aphidius* hafa fundist á Íslandi og allar sýkja þær blaðlís. *A. matricariae* er ekki ein þeirra. Hún finnst e.t.v. um gjörvalla Evrópu og er ekki ósennilegt að hún gæti sest hér að utanhúss. Þó er ólíklegt að hún yrði til skaða því hún er sérhæfð á blaðlís.

**Sníkjuvespan (ránvespan) *Ephedrus serasicola***

Tvær tegundir ættkvíslarinnar *Ephedrus* hafa fundist á Íslandi og sem báðar sýkja blaðlís. *E. serasicola* er ekki önnur þeirra. Hún finnst e.t.v. um gjörvalla Evrópu og er ekki ósennilegt að hún gæti sest hér að utanhúss. Þó er ólíklegt að hún yrði til skaða því hún er sérhæfð á blaðlís.

**Sníkjuvespan (ránvespan) *Praon volucre***

Tegundin finnst hér á landi nú þegar og ólíklegt að innflutningur breytti nokkru um stöðu hennar.

*Niðurstaða*

Náttúrufræðistofnun telur að leita þurfi svara við framangreindum spurningum um þráðormategundina *Steinernema kraussei* áður en tekin er afstaða til þess hvort veita eigi heimild fyrir innflutningi á tegundinni. Áhættumat vantar fyrir tegundina og getur Náttúrufræðistofnun því ekki mælt með innflutningi á *Steinernema kraussei*. Náttúrufræðistofnun telur ólíklegt að framangreindar sníkjuvesputegundir / ránvesputegundir geti valdið skaða í íslenskri náttúru.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

